

NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

Yfirlit frjómælinga í Reykjavík sumarið 2010

Mælingar stóðu yfir frá 15. apríl til 30. september, eða í samtals 169 daga. Skömmu eftir að mælingar hófust eða mánudaginn 19. apríl bilaði mótór í loftdælu rétt áður en gögn voru sótt í frjógildruna. Varamótór var strax settur í og þar sem frjótímabilið var í upphafsfasa er það metið svo að bilunin hafi ekki haft mikil áhrif á heildarniðurstöður mælinganna sumarið 2010.

Heildarfjöldi frjókorna varð 7807 og hafa aldrei áður mælst jafnmörg frjókorn í Reykjavík; 4094 grasfrjó, 1903 birkifrjó, 247 súrfrjó og 161 asparfrjó. Frjókorn ýmissa tegunda sem jafnan ber lítið á voru 1402. Að þessu sinni er þar um að ræða 28 frjó- og gróhópa (sjá töflu). Enginn þeirra reyndist vera með yfir 5% frjókorna en tveir voru með yfir 2%. Þetta voru frjó af furu- og rósaætt. Langalgengast var að hver hópur væri um eða undir 1%.

Tafla. Frjó- og grógerðir í Reykjavík sumarið 2010, raðað eftir fjölda.

Frjó- eða grógerð	Latneskt heiti	Fjöldi frjókorna í m ³ lofts
Gras	Poaceae	4094
Birki	<i>Betula</i>	1903
Fura / greni	Pinaceae	281
Rósaætt	Rosaceae	272
Túnsúra o.fl.	<i>Rumex</i>	247
Ösp	<i>Populus</i>	161
Víðir	<i>Salix</i>	136
Stör	<i>Carex</i>	90
Yllir	<i>Sambucus</i>	90
Lyng	Ericales	57
Kattartunga o.fl.	<i>Plantago</i>	54
Elfting	<i>Equisetum</i>	43
Maðra	<i>Galium</i>	33
Brjóstagras	<i>Thalictrum</i>	25
Mjaðjurt	<i>Filipendula</i>	25
Fífill	Compositae Cichorideae	22
Sóley	<i>Ranunculus</i>	22
Sveipjurtaætt	Umbelliferae	22
Beitilyng	<i>Calluna</i>	18
Netla	<i>Urtica</i>	17
Sefætt	Juncaceae	17
Barnamosi	<i>Sphagnum</i>	16
Belgjurtir	Leguminosae	12
Einir	<i>Juniperus</i>	11
Burknar	Filicales	8
Elri (ölur)	<i>Alnus</i>	8
Körfublóm, tungukrýnd	<i>Aster</i>	7
Krossblómaætt	Cruciferae	4
Hélunjóli	<i>Chenopodium</i>	1
Mari	<i>Myriophyllum</i>	1
Skollafingur	<i>Lycopodium selago</i>	1
Tungljurt	<i>Botrychium</i>	1
Óþekkt / ógreind	<i>incognito</i>	108

Fyrstu frjókornin komu í gildruna 16. apríl. Það reyndust vera víðifrjó. Daginn eftir mátti sjá asparfrjó líka og 20. apríl mældust fyrstu lyngfrjóin. Eitt birkifrjó mældist í lok apríl. Frá 13. maí komu birkifrjó stopult fyrir en síðan samfelld frá 19. maí.

Asparfrjó mældust dag og dag frá 17. apríl en voru samfelld í lofti frá 7. til 19. maí. Þau urðu færri en undanfarin þrjú ár en samt vel yfir meðallaginu sem er 82 frjó í rúmmetra lofts. Hámark asparfrjóa kom 15. maí þegar frjótalan reyndist 39.

Birkifrjó hafa aðeins einu sinni áður verið fleiri en nú. Það var vorið 2006 þegar heildarfjöldinn fór yfir 2500. Þá bárust frá Evrópu á fimmta hundrað birkifrjó áður en birkið blómgaðist hér. Fyrir utan eitt birkifrjó í apríl þá mældust þau stopult í byrjun frá 13. maí en frá og með 19. maí voru þau sleitulaust í lofti til 16. júní eða í tæpar fjórar vikur en eftir það komu þau stopult fyrir. Sé hins vegar stuðst við þrengstu skilgreiningu frjótíma telst tímabil birkifrjóa hafa staðið yfir í tíu daga, þ.e. frá 22. til 31. maí. Hámark birkifrjóa kom 24. maí þegar frjótalan náði 392. Heildarfjöldi reyndist 1903.


Eitt grasfrjó mældist 25. maí. Síðan mældust þau stopult fyrstu dagana í júní en frá 6. júní mældust þau

sleitulaust fram í ágúst. Frjótímabilið fór snögg af stað og 9. júní fór frjótalan yfir 10. Frá miðjum júní hélst frjótalan yfir 10 flesta daga. Mest var um grasfrjó í júlí, 3479 og hafa þau aldrei áður mælst svo mörg í júlí. Fæst voru þau í september 11 talsins. Í júní urðu þau 370 og 233 í ágúst. Grastímabilið

telst hafa staðið yfir í 77 daga þegar horft er til þess hvenær grasfrjó voru samfelld í lofti, eða frá 6. júní til 21. ágúst. Hins vegar þegar þrengsta skilgreining á frjótíma er notuð verður tímabilið aðeins 28 dagar, þ.e. frá 23. júní til 20. júlí. Frjótala grasa varð hæst 804 þann 17. júlí og níu sinnum fór frjótalan yfir 100 þetta sumar, átta sinnum í júlí og einu sinni í ágúst. Heildarfjöldi grasfrjóa varð 4094 sem er langt yfir meðallagi árána 1988–2009 en færri en fyrsta sumarið sem mælt var í Reykjavík 1988 þegar þau reyndust 5828.

Fyrsta súrufrjóid mældist 28. maí. Í júní og framan af júlí mældust þau flesta daga. Upp úr 22. júlí urðu þau aftur stopul fram í fyrstu viku september. Frjótalan fór hæst í 16 þann 14. júní. Allt í allt komu 247 súrufrjó í gildruna þetta sumarið, sem er undir meðallagi árána 1988–2009, en það er 314.

Heildarfrjómagm og skipting í helstu frjógerðir 1988-2010



Frjóríkasti mánuður sumarsins var júlí með 3822 frjókorn í rúmmetra lofti en apríl með 30 reyndist sá rýrasti, 45 mældust í september. Maí, júní og júlí voru allir yfir meðallagi, apríl var í tæpu meðallagi en ágúst og september hins vegar ríflega hálfdrættingar við meðallagið. Sumarið 2010 er frjóríkasta sumarið til þessa og slær þar með út fyrsta sumarið sem mælt var (sjá súlurit hér fyrir ofan).

Þegar litið er á sumarið sem heild fóru að jafnaði 46,2 frjókorn um hvern rúmmetra andrúmslofts í Reykjavík, mun fleiri en í meðalári. Hæsta samanlögð frjótala kom 17. júlí þegar 820 frjókorn reyndust í rúmmetranum, en á þeim tíma voru grasfrjó í hámarki. Frjókorn mældust hvern dag frá 6. maí til 31. ágúst. Samfelld frjókornatímabil var svipað að lengd og í fyrra, það hófst tveimur dögum seinna í ár og því lauk tæpri viku seinna en 2009. Frjókornalausir dagar í apríl urðu fimm, í maí einn og í september voru þeir sex. Samkvæmt veðurfarsyfirlitum Veðurstofunnar var meðalhiti yfir meðallagi í öllum mánuðum nema apríl. Úrkoma var undir meðallagi í öllum mánuðum nema september. Því má segja að veðráttan hafi verið einstaklega hagstæð frjódreifingu. Síðbúinn sláttur borgarinnar á tünun við Bústaðaveg (miðað við sprettu) sá síðan til þess að uppspretta grasfrjóa varð venju fremur ríkuleg.

Í nóvember 2010
Margrét Hallsdóttir

